

## AUGLÝSING

### um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

#### *Fálkagata 10.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 11. október 2018, breytingu á deiliskipulagi Fálkagötureita vegna lóðarinnar nr. 10 við Fálkagötu. Í breytingunni felst að fjölga íbúðum um eina með því að byggja þakhæð ofan á húsið ásamt því að setja svalir á húsið. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagið öðlast þegar gildi.

#### *Vitastígur 9 og 9A og Laugavegur 67A.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 16. nóvember 2018, breytingu á deiliskipulagi reits 1.174.0, Landsbankareits, vegna lóðanna nr. 9 og 9A við Vitastíg og 67A við Laugaveg. Í breytingunni felst m.a. heimild til niðurrifs viðbyggingar við húsið á lóð nr. 9 við Vitastíg og að byggja til austurs ásamt svölum, heimild til að rífa geymsluhúsnæði nr. 9A við Vitastíg og heimild til niðurrifs á núverandi húsi á lóð nr. 67A við Laugaveg og að endurbyggja. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 22. nóvember 2018.*

**Björn Axelsson.**